



Vinnuferli eineltisteymis

Tilkynning vegna gruns um einelti

Fulltrúar úr eineltisteymi ræða annars vegar við meintan þolanda með foreldri og hins vegar við meintan geranda ásamt foreldri ef þess er þörf. Staðan metin af eineltisteymi og lagt á ráðin um næstu skref. Umsjónarkennarar upplýstir um málið.

Ef grunur um einelti er á rökum reistur fer af stað skráning, sjá vinnureglur og skráningarblað. Starfsfólki er tilkynnt að vinnsla á eineltismáli sé hafin. Þá fer heim til allra nemenda í viðkomandi bekk um samskiptavanda í bekknum (svokallaður lúsapóstur).

Ef grunur um einelti er ekki á rökum reistur er Umsjónarkennara viðkomandi nemanda tilkynnt það. Síðan þarf að skoða hvort vinna þurfi áfram með samskipti og/eða að vinna með nemanda t.d. í Art eða sjálfstyrkingu. Þeir fulltrúar sem tóku viðtal við þolanda ljúka málinu og hafa samband við foreldra.

Fundað með geranda og foreldrum. Aðgerðaáætlun kynnt. Geranda hjálpað við að leiðrétta mistök sín og breyta hegðun sinni með uppbyggingaráætlun.

Fundað með þolanda og foreldrum. Aðgerðaáætlun kynnt og þolanda boðin aðstoð til sjálfstyrkingar.

Málinu fylgt eftir af aðila úr eineltisteymi og haft samband reglulega við foreldra þolanda og geranda. Leitað er allra leiða til að uppræta eineltið. Mikilvægt að skráning fari fram.

Ef einelti lýkur ekki er málinu vísað áfram til: Nemendaverndarráðs, barnaverndarnefndar eða lögreglu, eftir eðli málsins.

Einelti telst upprætt þegar þolandi og foreldrar segja því lokið og er hlutaðeigandi aðilum tilkynnt að svo sé.